

Fjölmenningaryfirlýsing Reykjavíkurborgar

Samþykkt í borgarstjórn 17. September

2019



Reykjavík er fjölmenningsborg.

Við fögnum fjölbreytileika, jafnrétti, samskiptum og þátttöku allra. Við erum stolt af því að vera borg þar sem margir menningarheimar mætast.

Við erum stolt af því hve langt við höfum náð í því að setja upp kynjagleraugin eða hinsegin gleraugin. Nú nýtum við okkur þessa reynslu og setjum upp fjölmenningsgleraugin á sama hátt.

Við hvetjum önnur sveitarfélög og ríkið að taka þátt í þessari vegferð.

Við viljum að innflytjendur geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu með aðgang að öllu sem borgin hefur fram að færa og að þeir þekki réttindi sín.

Við tryggjum að fjölmenningsleg gildi endurspeglast í allri stefnumótun sem og þjónustu borgarinnar.

Við erum þakklát fyrir framlag innflytjenda í borgarlífinu. Við viljum gera þessu jákvæða framlagi innflytjenda hærra undir höfði. Við gerum okkur grein fyrir að fjölbreytileiki er undirstaða jákvæðrar þróunar.

Þegar hver og einn fær tækifæri að njóta hæfileika sinna og sköpunarkrafta til fulls, þá græðum við öll á því.

